

253. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, miðvikudaginn 22. október 2025 og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Aníta Eir Einarsdóttir aðalmaður, Hildigunnur Árnadóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sólveig Sigurðardóttir deildarstjóri farsældarþjónustu barna.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Árnadóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2402299 - Heilsuefning eldra fólks

Verkefnið "Sprækir skagamenn" hefur verið í gangi frá haustinu 2024 og hefur þátttan verið mikil frá upphafi og eftirspurnin aukist jafnt og þétt. Ræða þarf framhald verkefnisins á árinu 2026 og til framtíðar.

Fyrir liggur kostnaðargreining frá ÍA miðað við raunkostnað 2025.

Velferðar- og mannréttindaráð felur sviðsstjóra að stilla upp mismunandi sviðsm myndum um framkvæmd verkefnisins og þátttökugjöld og leggja fram á næsta fundi ráðsins.

2. 2510121 - Skammtímadvöl á Vesturlandi

Samráðshópur stjórnenda í velferðarþjónustu á Vesturlandi var veitt umboð til að skoða möguleika á sameiginlegum rekstri skammtímadvalar á svæðinu.

Þroskahjálpar á Vesturlandi hefur lýst yfir vilja til að koma að slíkri uppbyggingu.

Drög að viljayfirlýsingu sveitarfélaga á Vesturlandi og Þroskahjálpar á Vesturlandi um uppbyggingu skammtímadvalar lögð fram til kynningar.

Velferðar- og mannréttindaráð er jákvætt gagnvart undirritun viljayfirlýsingar um að skoðaðar verði lausnir um uppbyggingu skammtímadvalar í samvinnu við Þroskahjálpar á Vesturlandi og önnur sveitarfélög á Vesturlandi.

3. 2510124 - Fjöliðjan - beiðni um aukið stöðugildi leiðbeinanda

Beiðni frá stjórnendum Fjöliðjunnar um aukið stöðugildi leiðbeinanda vegna mikils fjölda starfsmanna með fötlun og mikils álags. Í Fjöliðjunni eru 11 leiðbeinendur í 7 stöðugildum. Starfsmenn með fötlun eru að jafnaði 75-80 á degi hverjum. Við bætist að starfsemi Fjöliðjunnar fer fram á nokkrum stöðum í bænum sem gerir enn erfiðara um vik að tryggja viðunandi mönnum leiðbeinenda á hverjum stað.

Árni Páll Harðarsson og Ásta Pála Harðardóttir sitja fundinn undir þessum lið.

Velferðar- og mannréttindaráð þakkar Ástu Pálu Harðardóttur og Árna Jóni Harðarsyni fyrir góða yfirferð um aðstæður starfsmanna og leiðbeinenda í Fjöliðjunni.

Starfsmönnum falið að greina málið nánar og leggja það fyrir að nýju.

KHS

4. 2507008 - Fjöliðjan - nýtinga gámastofa

Staða máls er varðar talningavél í Fjöliðju.

Málið tekið fyrir á sameiginlegum fundi velferðar- og mannréttindaráðs og skipulags- og umhverfisráðs.

Árni Páll Harðarsson og Ásta Pála Harðardóttir sátu fundinn undir þessum lið.

Lögð er fram kostnaðaráætlun fyrir nýbyggingu talningarvélar.

Velferðar- og mannréttindaráð þakkar starfsmönnum Fjöliðjunnar, Árna Jóni Harðarsyni og Ástu Pálu Harðardóttur fyrir þeirra greiningu og tillögur að lausnum.

Skipulags- og umhverfisráð fól verkefnastjóra frekari úrvinnslu málsins, meðal annars að kanna möguleika á að nýta gámalausnir.

5. 2508175 - Uppbygging almenningssalerna fyrir fatlað fólk

Málið tekið upp á sameiginlegum fundi velferðar- og mannréttindaráðs og skipulags- og umhverfisráðs.

Á sameiginlegum fundi velferðar- og mannréttindaráðs og skipulags- og umhverfisráðs kom fram að ráðin lýsa yfir áhuga um að skoða þetta verkefni frekar og fela sviðsstjóra velferðar- og mannréttindasviðs að hafa samband við félagið CPI til þess að afla upplýsinga um hvað aðild felur í sér. Málið verði tekið fyrir að nýju þegar frekari upplýsingar liggja fyrir.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.

Kristinn H. Sveinsson

Einar Bráunsson

Sigríð Sigríðsdóttir